

Hátíðarræða Áslaugar Karenar Jóhannsdóttur, 17. júní 2010

Kæru hátíðargestir, Grundfirðingar.

Þegar ég var beðin um að halda þessa hátíðarræðu fyrr í vikunni var ég fljót að svara – alltof fljót reyndar. Ég hafði ekki hugmynd um hvað ætti að koma fram í ræðum eins og þessari – eða hversu margir myndu mæta til að hlusta á hana! Það kom heldur ekkert sniðugt upp þegar ég googlaði „ókeypis hátíðarræður“ á netinu þannig ég fór að leita ráða hjá ýmsum aðilum varðandi hvað ég ætti að segja í ræðunni og fékk ég mörg góð ráð. Flestir voru sammála um að ég ætti að gera þetta eftir eigin höfði og láta eigin innblástur ráða för.

Hér í Grundarfirði sleit ég barnsskónum og það voru með sanni algjör forréttindi að fá að alast hér upp. Grundarfjörður er að mörgu leyti sérstakur bær og að vissu leyti á hann engan sinn líkan. Ég elska kyrrðina, nálægðina við náttúruna og samheldnina hjá bæjarbúum. Ég bæði elska og hata þá staðreynd að í Grundarfirði vita allir allt um alla, eins og flestir þekkja. Einhver sem maður er ekki einu sinni með á Facebook kemur kannski upp að manni niðrí búð og veit nákvæmlega hvað maður er að gera, hvað manni vegnar vel í námi eða starfi. Grundfirðingar vilja fylgjast með hvorum öðrum og samheldnin er ótrúleg. En að sama skapi vita allir þegar maður misstígur sig á balli og hellir niðrá sig!

Síðustu helgi útskrifaðist ég sem fjölmiðlafræðingur frá Háskólanum á Akureyri. Menntun er eitthvað sem aldrei verður af manni tekið og gildi hennar er sífellt að sanna sig. Stefán B. Sigurðsson rektor Háskólans á Akureyri, velti fyrir sér hvort væri mikilvægara – reynsla eða menntun – á laugardaginn síðasta. Komst hann að þeirri niðurstöðu að hvort tveggja væri jafn mikilvægt. Menntun sé í raun fræðsla sem við fáum um reynslu liðinna kynslóða. Ef hver einstaklingur myndi aðeins byggja á eigin lífsreynslu myndi engin framþróun eiga sér stað. Við þurfum að læra af fortíðinni, tileinka okkur reynslu fyrri tíma til þess að bæta framtíðina. Við erum ekki bara Grundfirðingar heldur erum við Íslendingar. Á afmælisdegi þjóðarinnar er vel við hæfi að vekja aðeins upp þjóðerniskenndina og föðurlandsástina en ég er alltaf að gera mér betur grein fyrir því hve heppin ég er að vera fædd á Íslandi. Þrátt fyrir þá erfiðleika sem þjóðin stendur nú frammi fyrir þá hef ég fulla trú á öll þau gífurlegu tækifæri sem Íslendingar búa yfir. Það þarf bara að setja fjármagn í rétt verkefni. Frumkvöðlastarf og nýsköpun. Ferðaþjónusta og sérstöðu landsins.

Það er ýmislegt sem við höfum að gleðjast yfir þrátt fyrir að síðustu misseri hafi verið erfið. Það er sól og sumar, Ísland á afmæli og það er búið að dæma myntkörfulán ólögleg. Já, framtíðin er björt fyrir Íslendinga og hérna leynast ýmis tækifæri.

Eins og margir eflaust vita varð ég svo ótrúlega heppin að bjóðast vinna strax eftir útskrift sem blaðamaður við héraðsfréttablaðið okkar Vestlendinga Skessuhorn... já og meðan ég man, áskriftarsíminn er 4335500... nei grín.. það er mikið betra fyrir ykkur að panta áskrift á netinu á www.skessuhorn.is! En að öllu gríni slepptu þá heldur minn skóli aðeins áfram í því starfi sem ég er í núna. Ég er sífellt að læra meira um mannfólkið, um tungumálið okkar sem við mættum alveg hlúa betur að og mikilvægi fjölmiðla í nærumhverfi. Fjölmiðlafræðin kennir okkur ekki aðeins hvernig skrifa á fréttir heldur lærum við um hlutverk fjölmiðla. Fjölmiðlar virka ekki aðeins sem aðhald fyrir stjórnvöld heldur

Þjappa þeir okkur saman sem samfélagi. Sá heimur sem þið þekkið er sá heimur er birtist ykkur í gegnum fjölmiðla!

Land þjóð og tunga, eftir Snorra Hjartarson

Land, þjóð og tunga, þrenning sönn og ein,
þér var ég gefinn barn á móðurkné;
Ég lék hjá þér við læk og blóm og stein,
þú leiddir mig í orðs þíns háu vé.

Á dimmum vegi dýrð þín um mig skein,
Í dögum þeirri er líkn og stormhlé
Og sókn og vaka: eining hörð og hrein,
þú heimtar trúnað, spyr hver efnd mín sé.

þú átt mig, ég er aðeins til í þér.
Örlagastundin nálgast grimm og köld
Hiki ég þá og bregðist bý ég mér
Bann þitt og útleð fram á hinsta kvöld.

Ísland, í lyftum heitum höndum ver
Ég heiður þinn og líf gegn trylltri öld.